



Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2021
VEL2019110003

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 65/1974, um ávana- og fíkniefni (afglæpavæðing neysluskammta).

Vísað er til máls nr. 52/2021 í samráðsgátt stjórnvalda þar sem gefinn er kostur á að senda umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, um afglæpavæðingu neysluskammta.

Áður hefur Reykjavíkurborg sent umsögn til Alþingis vegna frumvarps til laga um breytingar á framangreindum lögum sem fela í sér heimild til reksturs neyslurýmis. Að mati Reykjavíkurborgar er það jákvætt skref að heimila með lögum að reka neyslurými fyrir vímuefnanotendur sem nota vímuefni í æð. Þau sjónarmið sem felast í skaðaminnkun eru mjög mikilvæg og nauðsynlegt er að skapa öruggan vettvang fyrir þessa einstaklinga til að koma í veg fyrir aukinn skaða, veikindi og jafnvel dauða viðkomandi.

Af því tilefni er vísað til tillögu borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna sem lögð var fram á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur sem haldinn var þann 20. október 2020 og afgreidd var með eftirfarandi hætti:

4. Lögð fram svohljóðandi tillaga

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að ganga til viðræðna við heilbrigðisráðuneytið um sameiginlegan rekstur á neyslurými í Reykjavík. Í framhaldinu verði lögð fram kostnaðarmetinn tillaga til meðferðar velferðarráðs og samþykktar í borgarráði.


*Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.*

Með vísan til samþykktar borgarstjórnar óskar Reykjavíkurborg eftir að koma því á framfæri að breytingar þær sem lagðar eru til á lögum um ávana- og fíkniefni eru mjög mikilvægar og nauðsynlegt er að þær nái fram að ganga svo að unnt verði að koma á fót neyslurými í Reykjavík.

Þá er af hálfu Reykjavíkurborgar talið brýnt að við frekari vinnu við gerð frumvarpsins verði lögð áhersla á refsiréttarleg sjónarmið. Ljóst er að mikil ábyrgð mun hvíla á þeim starfsmönnum sem starfa munu í neyslurýminu. Því er lagt til að sett verði ákvæði í lögin sem tryggir stöðu viðkomandi starfsmanna með tilliti til refsíákvæða.

Lögð er áhersla á að við breytingar á frumvarpinu verði haft samráð við þá aðila sem koma munu að veitingu þjónustu í neyslurýmum og eru starfsmenn Reykjavíkurborgar tilbúnir til að koma að þeirri vinnu.

Virðingarfyllt,
f.h. Reykjavíkurborgar,


Helga Jóna Benediktsdóttir, lögfr.